

24. fundur Skóla- og fræðslunefndar haldinn kl. 10:00 í Laugargerðisskóla 07. júní 2019.

Mætt voru: Katrín Gísladóttir, Sigurbjörg Ottesen, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri og Sigurður Jónsson fulltrúi kennara.

Katrín setti fund, bauð fundarmenn velkomin og gaf Ingveldi orðið.

Dagskrá fundarins:

Starfsmannamál og umsóknir

Önnur mál

Komnar umsóknir um auglýstar stöður. Lítur vel út með mönnun vetrarins.

- Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir sækir um náttúrufræði kennslu og jafnvel einhverja stundakennslu.
- Sandra Dögg Björnsdóttir sjúkraliði, stúdent og með fjölda námskeiða sækir um íþróttir og verður jafnvel inná leikskóladeild.
- Elín Eddudóttir kemur og kennir miðstigi. Hefur mikla reynslu í kennslu.
- Aðalbjörg Þórólfsdóttir, þroskaþjálfari kemur inn sem þroskaþjálfari. Ómetanlegt fyrir skólann að fá umsókn frá þroskaþjálfara, auk þess er Aðalbjörg með sérkennslumenntun. Hún verður m.a með kennslu á yngsta stigi og leiksskólastigi.
- Ein umsókn til viðbótar kom en ekki var þörf á fleira fólki.

Einhverjar hægræðingar og tilfærslur verða á starfsfólki en það kemur betur í ljós í ágúst.

Ingveldur lýsti yfir ánægju með umsóknirnar, er sátt og hlakkar til að takast á við komandi vetur. Það kemur svo einnig í ljós í haust hvort þörf er á að auglýsa eftir viðbótarstarfsmanni á leikskóladeildina.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Veronika G. Sigurvinsdóttir.